

## Fundargerð

### Auka aðalfundur Bergrisans bs. haldinn í Ráðhúsi Árborgar á Selfossi þann 30. júní 2022 kl. 13:30

**Mætt:** Fjóla St. Kristinsdóttir, Kjartan Björnsson, Brynhildur Jónsdóttir, Helga Lind Pálsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Ellý Tómasdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Díana Lind Sigurjónsdóttir, Axel Sigurðsson, Bragi Bjarnason, Eggert Valur Guðmundsson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Eydís Þ. Indriðadóttir, Sigríður Karólína Viðarsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Kristín Hreinsdóttir, Helga Björg Helgadóttir, Jóhannes Gissurarson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson, Þröstur Sigurðsson, Christiane Bahner, Salóme Svandís Þórhildardóttir, Árne Eiríksson, Harpa Magnúsdóttir, Elías Bergmann Jóhannsson, Guðni Sighvatsson, Stefanía Hákonardóttir, Anna Gréta Ólafsdóttir, Andrea Sif Snæbjörnsdóttir, Axel Njarðvík, Ása Valdís Árnadóttir, Dagný Davíðsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Guðlaug Einarsdóttir, Hrönn Guðmundsdóttir, Böðvar G. Jónsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Friðrik Sigurbjörnsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Alexandra Rós Jóhannesdóttir, Walter Fannar Kristjánsson, Helgi Kjartansson, Sandra Sigurðardóttir, Heiða Ösp Kristjánsdóttir, Svava Davíðsdóttir, Íris Ellertsdóttir, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ingibjörg Garðarsdóttir, Haraldur L. Haraldsson.

#### 1. Setning

Íris Ellertsdóttir verkefnisstjóri Bergrisans bs. býður fundarmenn og áheyrendur velkomna. Verkefnastjóri þakkar fráfarandi stjórn fyrir störf sín.

#### 2. Skipun fundarstjóra og fundarritara

Verkefnistjóri leggur til að Bragi Bjarnason formaður bæjarráðs Árborgar stjórni fundi og ritari Bergrisans bs. Sandra Brá Jóhannsdóttir riti fundargerð. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### 3. Kosning kjörnefndar

Kjörbréfum hefur verið skilað til Bergrisans bs. og leggur fundarstjóri til að í kjörnefnd verði Arna Ír Gunnarsdóttir formaður, Grétar Ingi Ellertsson og Anton Kári Halldórsson. Tillagan samþykkt samhljóða.

#### 4. Starfsemi þjónusturáðs Bergrisans bs 2021

Formaður þjónusturáðs Heiða Ösp Kristjánsdóttir fer yfir helstu málefni í starfsemi Bergrisans síðast liðið ár.

#### 5. Heildarendurskoðun laga nr. 38/2018. Niðurstöður skýrslu starfshóps

Haraldur Línal Haraldsson, formaður starfshópsins kynnir niðurstöður skýrslunnar.

#### 6. Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörbréfanefndar

Arna Ír Gunnarsdóttir kynnir niðurstöðu kjörbréfanefndar. Á fundinn eru mættir 41 aðalmenn og 8 varamenn af 52 fulltrúum og telst því fundurinn lögmætur.

## 7. Ársreikningur 2021 kynntur og lagður fram til samþykktar og fjármálaáætlun 2022 til kynningar

Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri Árborgar fer yfir ársreikning 2021. Rekstrartekjur 2021 2.383.583 þús.kr þar af viðbótarframlag sveitarfélaga 450.000 þús.kr og 55.242 þús.kr í aðrar tekjur. Rekstrargjöld 2.381.614 þús.kr. Afkoma fyrir fjármagnsliðið var tap að upphæð 250 þús.kr. Rekstrarreikningur gerður upp á 0. Eignir samtals 739.309 þús.kr, þar af handbært fé 13.655 þús.kr. Lán var veitt til Sólheima að upphæð 18.124 þús.kr fjárfestingar voru árið 2021. Ársreikningur samþykktur samhljóða

Fjármálaáætlun Bergrisans bs vegna 2022 er kynnt. Miðað við samþykkt áætlun stefnir í að málaflokkurinn verði vanfjármagnaður um 393 millj.kr. í lok árs 2022 og ákvað stjórn Bergrisans bs. að innheimta þessa fjárhæð samhliða framlagi ársins til að komast hjá stórum bakreikningum við uppgjör ársins líkt og fyrir árið 2021.

## 8. Kosningar í stjórn Bergrisans

Í stjórn Bergrisans bs. skulu kosnir þrír aðalmenn og þrír varamenn. Einn aðal- og varamaður frá hverju þjónustusvæði. Fundarstjóri leggur til að eftirtaldir aðilar skipi stjórn Bergrisans bs.;

### **Aðalmenn:**

Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, stjórnaformaður  
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps f.h. Árnesþings.  
Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra f.h. þjónustusvæðis Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

### **Varamenn:**

Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar  
Sandra Sigurðardóttir, formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar f.h. Árnesþings  
Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra f.h. þjónustusvæðis Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.

Samþykkt samhljóða

## 9. Íbúðakjarni fyrir fatlað fólk

### **Kosning í byggingarnefnd**

Fundarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögu  
Bæjarstjóri Árborgar, Fjóla St. Kristinsdóttir, verði formaður nefndarinnar  
Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu Árborgar  
Halla Steinunn Hinriksdóttir, ráðgjafarproskafjálfi hjá Árborg  
Steinunn Jónsdóttir, forstöðumaður, Birkimörk, Hveragerði  
Harpa Dís Harðardóttir, fulltrúi Þroskahjálpar á Suðurlandi  
Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra  
Eiríkur Vignir Pálsson, sveitarfélaginu Ölfusi

Samþykkt samhljóða.

**Arnardrangur hses. kosning í stjórn félagsins**

Fundarstjóri kynnir tillögu um að stjórn Arnardrangs hses. verði skipuð sömu aðilum og taka sæti í stjórn Bergrisans bs. Jafnfram er lagt til að bæjarstjóri Árborgar verði stjórnarformaður félagsins.

Samþykkt samhljóða.

**Arnardrangur hses. samþykktir- breytingatillaga kynnt**

Lagt er til að breyta samþykkt Arnardrangs húsnæðissjálfsseignarstofnunar í samræmi við beiðni ráðuneytis þar um enda samrýmist hún ekki lögum. Breyting á samþykktinni var kynnt á fundinum og verður send til samþykktar hjá sveitarfélögum.

Lagt er til að fella á brott 2. mgr. 18. gr. um slit stofnunarinnar og sameiningu.

Annar málsliður hljómar svo:

“Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stofnenda Arnardrangs hses. sbr. 4. gr.”

Fundi slitið kl. 15:30